



– Heilsusamlegur staðall –

## Réttu sólgleraugun fyrir veturinn

Þótt haust gangi í garð er ekki ástæða til annars en bjartsýni. Einhverntíma styttir upp og þrátt fyrir að sól lækki á lofti eru framundan sólríkir vetrardagar, sumir snjóhvítir með skjannabirtu. Þá koma sólgleraugu í góðar þarfir – þó ekki öll sólgleraugu.

### Val á sólgleraugum

Sólgleraugu eru til í miklu úrvali og afar mikilvægt að velja gleraugu sem fara manni vel, þótt ekki væri nema vegna þess að þá notar maður þau meira. Hins vegar eru aðrir þættir sem skipta jafnvel meira máli við val á sólgleraugum.

### CE-merkið

Sólgleraugu sem seld eru á Íslandi – og raunar öllu Evrópska efnahagssvæðinu – eiga að vera merkt með svokölluðu CE-merki, sem þýðir að þau uppfylla kröfur íslenska staðalsins ÍST EN 1836 *Augnhlífur – Sólgleraugu og sólarglampasíur til almennra nota*. CE-merkið er frumskilyrði og segir okkur að gleraugun uppfylli settar reglur og verji augun nægilega gegn útfjólubláum geislum sólar. Umgjörð sólgleraugna á að vera merkt framleiðanda eða birgja og bera númer fyrrnefnds staðals og útgáfuár. Einnig á að koma fram á umgjörð hvaða sólarglampasíuflokki gleraugun tilheyra. Merkja á sólgleraugu sérstaklega með þar til gerðu tákni ef þau henta ekki til aksturs.

### Dökk eða ljós

Sólgleraugu sem nota á við akstur mega ekki vera of dökk, en hvort gleraugu eru dökk



Réttu sólgleraugun fara okkur vel.

eða ljós segir þó ekki endilega til um hversu vel þau verja augun gegn hinum varasömu útfjólubláum geislum sólar. Dökk sólgleraugu sem ekki veita nægilega vörn gegn útfjólubláum geislum geta jafnvel reynst verri en engin vegna þess að sjáaldrið víkkar þegar við setjum þau upp og augun verða síður varin gegn sólarljósinu. Þegar dökk sólgleraugu eru valin er þess vegna enn mikilvægara en ella að ganga úr skugga um að þau veiti nægilega vörn gegn útfjólubláari geislun, athuga í hvaða sólarglampasíuflokki þau eru og að allar merkingar séu eins og þær eiga að vera. Samkvæmt staðlinum ÍST EN 1836 eru síuflokkarnir frá 0 til 4, þar sem gleraugu í flokki 0 eru ljósust og gleraugu í flokki 4 dekkst – og ekki ætluð til nota við akstur.

Nánari upplýsingar um sólgleraugu á [www.eyecaretrust.org.uk](http://www.eyecaretrust.org.uk).

## Tímarit um gæða- og umhverfisstjórnun

Nýtt tímarit Alþjóðlegu staðlasamtakanna ISO um gæða- og umhverfisstjórnun er ómissandi öllum sem hafa áhuga á gæðastjórnun samkvæmt ISO 9001 eða umhverfisstjórnun samkvæmt ISO 14001. Áskrifendur skipta þúsundum nú þegar. Nánari upplýsingar á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).



ISO hefur ekkert til sparað að gera tímaritið vandað og eigulegt.

HACCP - bls. 3

Varmagjöf ofna - bls. 3

Námskeið - bls. 4

– Góðir gestir –

# Svona gera smápjóðir

Í maímánuði sl. voru góðir gestir í heimsókn hjá Staðlaráði Íslands. Þar var um að ræða þriggja manna sendinefnd frá eistnesku staðlastofnuninni, EVS – framkvæmdastjórinn Sven Kasemaa, yfirmaður staðlasviðs Raul Juhanson og yfirmaður sölu- og upplýsingasviðs Kristel Schwede. Tilgangur heimsóknar Eistlendinganna var að fræðast um starfsemi Staðlaráðs, en EVS undirbýr nú að verða fullgildur aðili að evrópsku staðlasamtökunum CEN og CENELEC þar sem slíkt er forsenda þess að Eistland geti gengið í Evrópusambandið.

## Eistland

Eistlendingarnir dvöldu í eina viku á Íslandi og kynntu sér starfsemi Staðlaráðs, með áherslu á umsagnarferli evrópskra staðlafrumvarpa og staðfestingu staðla, sölu- og kynningarstarfsemi, skipulag starfsemi Staðlaráðs og fagráða, fjármögnun starfsins og þátttöku fulltrúa Staðlaráðs í evrópskum stýrihópum og tækninefndum. Einnig gafst tækifæri til að sýna gestunum Þingvelli, Gullfoss og Geysi, og höfðu þau á orði að þau hefðu ekki áttað sig á hvað orðið „hvasst“ þýddi fyrir en á fossbrún Gullfoss, þegar fossúðinn stóð lárétt í andlit þeirra.

## Gvatemala, Malta, Namibía

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem leitað er til starfsmanna Staðlaráðs um að miðla af þekkingu sinni og reynslu. Á síðasta ári dvaldi framkvæmdastjóri staðlastofnunar Möltu, MSA, um vikutíma hjá Staðlaráði í sömu erindagjörðum og Eistlendingarnir nú, en geta má þess að MSA varð í byrjun þessa árs fullgildur aðili að bæði CEN og CENELEC og voru aðildarlöndin þar með orðin 20.

Áður hafði allt starfslið staðlastofnunar Namibíu, NSIQO, heimsótt Staðlaráð, á árunum 1998 og 1999, og dvalið í viku hvor hópur. Þær heimsóknir voru hluti af ráðgjafarverkefni sem Staðlaráð tók þátt í og fólst í aðstoð við að koma NSIQO á laggirnar og hefja staðlastarfsemi í landinu. Einnig kom sendinefnd frá Gvatemala í styttri heimsókn á árinu 2000 til að kynna sér starfsemi Staðlaráðs.

Það sem allir þessir góðu gestir eru að sækja hingað til okkar hjá Staðlaráði er þekking á því hvernig smápjóð fer að því að uppfylla skyldur sínar í staðlasamstarfi þjóða. Við getum auðvitað ekki látið til okkar taka í sama mæli og stórþjóðir Evrópu, jafnvel ekki eins og hin Norðurlöndin. Samt sem áður



Kristel, Sven og Raul frá Eistlandi kynntu sér starfsemi Staðlaráðs síðastliðið vor.

erum við í fararbroddi innan CEN í staðfestingu Evrópustaðla og erum jafnan með staðfesta sem íslenska staðla rúmlega 99% þeirra staðla sem CEN hefur gefið út. Þar vegur auðvitað þungt sú staðreynd að heimilt er að staðfesta staðlana á ensku, en einnig hefur Staðlaráð ávallt fært sér í nyt nýjustu upplýsingatækni til að einfalda vinnuferli. Í því sambandi er gaman að geta þess að Staðlaráð Íslands varð árið 1996 fyrst evrópskra staðlastofnana til að koma sér upp heimasíðu og nýta hana til kynningar staðlafrumvarpa og sölu staðla.

- Nýtt efni -

## Þetta er allt að koma

- Handbókin ISO 9000 fyrir lítil fyrirtæki – hvað þarf að gera? Væntanleg í íslenski þýðingu með haustinu.
- **ÍST DS 3027** Öryggi matvæla samkvæmt HACCP (greining hættu og mikilvægra stýristaða) – Kröfur til matvælaframleiðenda og undirverktaka þeirra. Fáanlegur í Staðlabúðinni. Sjá nánar í þessu tölublaði Staðlamála.
- **ÍST 69** Umreikningur á varmagjöf ofna Fáanlegur á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

- **ÍST 150** Raf- og boðskiptalagnir fyrir íbúðarhúsnæði – Gerð, staðsetning og fjöldi tengistaða. Væntanlegur á næstu vikum.
- **ÍST 125** Lyklaborð Frumvarp auglýst á næstu vikum.
- **ÍST 130** Íslenskar kröfur í upplýsingatækni. Frumvarp í nóvember.
- **BS 7799-2:2002** Information Security Management systems – Specification with guidance for use. Unnið að íslenski þýðingu.

- **ÍST 30** Almennir útboðs- og samnings-skilmálar um verkframkvæmdir. Frumvarp í lok þessa árs.
- **ÍST EN 206-1** Concrete – Part 1: Specification, performance, production and conformity Unnið að íslenski þýðingu.
- **FS ENV 13670-1** Steinsteypa – Eiginleikar, framleiðsla, niðurlögn og samræmi við kröfur Unnið að íslenski þýðingu.

– HACCP og nýr íslenskur staðall –

# Fyrir alla sem höndla með matvæli

Fyrir tilstuðlan Samtaka iðnaðarins Ákvað Staðlaráð Íslands, að höfðu samráði við hagsmunaaðila, að gefa út íslenska þýðingu á dönskum staðli sem er notaður í tengslum við vöruþróun og framleiðslu í matvælafyrirtækjum og svokallað HACCP-kerfi. Staðallinn nýtist öllum gerðum matvælafyrirtækja, að meðtöldum dreifingaraðilum og flutningafyrirtækjum, þeim sem selja umbúðir, búnað, hráefni og annað sem tengist meðhöndlun matvæla.

Staðallinn heitir ÍST DS 3027:1997 *Öryggi matvæla samkvæmt HACCP (greining hættu og mikilvægra stýristaða) – Kröfur til matvælaframleiðenda og undirverktaka þeirra.*

## Auðveldar HACCP

Kröfur um innra eftirlit í matvælaframleiðslu hafa aukist hér á landi, líkt og víða um heim.

Nú er það fyrirtækjanna sjálfrá sem framleiða, meðhöndla, útvega eða afhenda matvæli, að sýna fram á og skjalfesta að þau stýri aðstæðum þannig að viðunandi matvælaöryggi sé tryggt. Þetta á einnig við um undirverktaka þeirra. Til að mæta þessum kröfum er stuðst við HACCP-kerfið. Hugmyndin með HACCP er að fyrirtæki einbeiti sér að þeim vinnsluþrepum og framleiðsluáðstæðum sem ráða úrslitum um matvælaöryggi. Þannig koma fyrirtæki upp HACCP-kerfi, skjalfesta það og viðhalda því til að tryggja að vörur þeirra valdi ekki notendum/neytendum skaða. Í staðlinum ÍST DS 3027 er lýst atriðum gæðakerfis sem byggir á meginreglum HACCP-kerfisins. Efni staðalsins er sett fram í formi almennra krafna en hverju fyrirtæki er síðan í sjálfvald sett hvernig það uppfyllir kröfurnar. Á þennan hátt auðveldar staðallinn fyrirtækjum, ráðgjöfum og öðrum að innleiða og reka HACCP-kerfi.



Sveinn V. Ólafsson verkfræðingur, Staðlaráði Íslands.

ÍST DS 3027 er bæði á ensku og íslensku og tók gildi sem íslenskur staðall 15. september. Hægt er að panta staðallinn á heimasíðu Staðlaráðs, [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)

- Nýr staðall -

# ÍST 69 Umreikningur á varmagjöf ofna

Mikilvægt er að samræmdar reglur gildi um umreikning á varmagjöf ofna frá prófuðum staðalstærðum yfir í raunstærðir. Þannig sitja allir aðilar á markaði við sama borð og auðvelt er að bera saman ofna frá mismunandi framleiðendum.

## Samevrópskir staðlar

Í gildi eru samevrópskir staðlar um varmagjöf ofna:

- ÍST EN 442-1:1995 *Radiators and convectors – Part 1: Technical specifications and requirements.*
- ÍST EN 442-2:1996 *Radiators and convectors – Part 2: Test methods and rating.*
- ÍST EN 442-2:1996/A1:2000 *Radiators and convectors – Part 2: Test methods and rating.*
- ÍST EN 442-3:1997 *Radiators and con-*

*vectors – Part 3: Evaluation of conformity.*

Þessir staðlar kveða ekki á um hvernig haga skuli umreikningi á varmagjöf ofna frá staðalaðstæðum yfir í raunaðstæður og því þótti nauðsynlegt að setja nánari reglur þar um. Þetta þótti meðal annars brýnt vegna þess að tæknilegar upplýsingar með ofnum á íslenskum markaði byggðu á mismunandi reiknireglum og voru því ekki samanburðarhæfar.

## Aðferðin

Tvær nálgunaraðferðir komu til greina. Annars vegar línuleg og hins vegar „lógarithmísk“. Þegar hitafall í ofnum er eins mikið og raunin er jafnan hérlendis þá er réttara að nota seinni aðferðina. Hins vegar er sú fyrri talin gefa nægjanlega góðar niðurstöður þegar hitafall er lítið. Niðurstaðan varð því sú að leggja til að nota sömu að-



Dr. Hafsteinn Pálsson, verkfræðingur á Rb og framkvæmdastjóri BSTR.

ferðir við umreikninginn og gert er í þýska staðlinum *DIN 4703-3:2000 Raumheizkörper – Teil 3: Umrechnung der Norm-Wärmeleistung.*

ÍST 69 Umreikningur á varmagjöf ofna tók gildi 15. september og fæst á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is)



- Næstu námskeið Staðlaráðs -

## ISO 9000 og ISO 17799

**S**taðlaráð býður almenn námskeið og sérnámskeið fyrir félagasamtök, stofnanir og fyrirtæki. Þegar er fullbókað á námskeið um ISO 9000 staðlana í september en hægt að skrá sig á biðlista fyrir næsta námskeið.

### Næstu námskeið

- *ISO 9000:2000 gæðastjórnunarstaðlarnir – Lykilatriði, uppbygging og notkun*, fullbókað. Sérnámskeið fyrir verkfræðistofu 3. október. Næsta almenna námskeið 7. nóvember. Fyrir þá sem vilja læra á nýja útgáfu ISO 9000 gæðastjórnunarstaðlanna. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti gert grein fyrir megináherslum og uppbyggingu kjarnastaðlanna í ISO 9000 röðinni og þekki hvernig hægt er að beita þeim við að koma á og viðhalda gæðastjórnunarkerfi.
- *Örugg meðferð upplýsinga – Stjórnun upplýsingaöryggis samkvæmt ISO 17799*. Næsta námskeið 15. og 16. október.

Fyrir stjórnendur, starfsfólk sem gegnir lykilhlutverki í að innleiða stjórnkerfi upplýsingaöryggis, tæknifólk og ráðgjafa. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur læri að beita viðurkenndum stöðlum við mótun öryggisstefnu og stjórnun upplýsingaöryggis í fyrirtækjum og stofnunum. Farið er yfir lykilatriði og uppbyggingu ÍST ISO/IEC 17799. Verklegar æfingar í mótun öryggisstefnu unnar í hópum.

- *CE-merking véla – Hvað á að gera og hvernig? 21. og 22. nóvember.*

Fyrir framleiðendur og innflytjendur véla. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur verði færir um að greina hvort vörur falli undir vélatilskipun ESB og læri hvernig á að CE-merkja slíkar vörur.

- *CE-merking lækningatækja – Þýðing og mikilvægi CE-merkisins*. Dagsetningar ekki ákveðnar.

Ætlað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu ásamt innflytjendum og framleiðendum lækninga-

tækja. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur þekki grundvallarhugmyndina að baki CE-merkinu, geti greint hvort tilteknar vörur til nota á heilbrigðisviði eigi að bera merkið og skilji þýðingu CE-merkisins fyrir lækningatæki sérstaklega.

Nánari upplýsingar á [www.stadlar.is](http://www.stadlar.is).

### Námskeið

- 15. og 16. október -

Örugg meðferð upplýsinga  
Stjórnun upplýsingaöryggis  
samkvæmt ISO 17799



## Staðlar léttu þér lífið...

... þegar þú ritar dagsetningar

Staðallinn ÍST EN 28601 *Data elements and interchange formats – Information interchange – Representation of dates and times* kemur í veg fyrir að mismunandi háttur þjóða við að rita dagsetningar valdi misskilningi.

Fjölmörgum er frjálst að nota efni úr Staðlamálum í heild sinni eða hluta, en eru vinsamlega beðnir að geta heimilda í slíkum tilvikum. Þeim sem vilja koma efni í blaðið er bent á að hafa samband við Hjört Hjartarson.